

Ræða formanns Samtaka atvinnulífsins

Forsætisráðherra, góðir fundarmenn.

Undanfarin ár hefur náðst verulegur árangur í íslensku atvinnulífi, jafnt innanlands sem utan. Efnahagur þjóðarinnar hefur vaxið um 25% frá árinu 2002, sem á sér vart fordæmi á jafn skömmum tíma hér á landi. Þessi árangur kom í kjölfar enn meiri vaxtar á síðari hluta 10. áratugarins, þannig að íslenskt efnahagslíf hefur eflst um meira en helming á einum áratug. Atvinnuleysi hefur verið hverfandi og kaupmáttur launa aukist mikið. Þetta er mikill árangur, og er sérstaklega eftir honum tekið meðal forystumanna í atvinnulífi víða um heim, ekki síst í Evrópu og á Norðurlöndunum. Forsendur þess árangurs, sem náðst hefur, og frumskilyrði þess, að áfram megi halda á sömu braut, eru fyrst og fremst efnahagslegur stöðugleiki, áframhaldandi umbætur á starfsskilyrðum fyrirtækja, framhald einkavæðingar, öflugt menntakerfi, metnaðarfullir stjórnendur og vel þjálfað starfsfólk, sveigjanleiki á vinnumarkaði og öflugt og skilvirkt heilbrigðis-, velferðar- og lífeyriskerfi.

Frá því að vítahringur verðbólgunnar var rofinn með gerð þjóðarsáttarsamninganna árið 1990 höfum við Íslendingar búið við tiltölulega stöðugt efnahagssumhverfi, að undanskildu skammvinnu verðbólgu árið 2001 og sveiflukenndu gengi krónunnar frá því að hún var sett á flot það ár. Nú eru hins vegar blikur á lofti, ekki síst í verðlagsmálum. Við verðum því að vera vel á verði og bregðast markvisst við, ef við ætlum ekki að glutra niður þeim mikla árangri, sem náðst hefur á undanförunum árum. Nái verðbólgan að festast í sessi, er ástæða til að óttast, að langvinnt skeið samdráttar í efnahagslífinu sé framundan. Því fer þó fjarri, að það sé óhjákvæmilegt að svo fari og það er í okkar valdi að koma í veg fyrir að slíkt hendi. Að því munu Samtök atvinnulífsins vinna á komandi misserum. Við viljum halda áfram á braut aukins árangurs, við viljum byggja á því góða, sem áunnist hefur, og við viljum sækja enn fram á veginn til hagsbóta fyrir landsmenn alla. Það er mögnuð áskorun.

Krónan í brennidepli

Undanfarna mánuði hefur íslenska krónan verið í brennidepli umræðunnar, og skyldi engan undra í ljósi þeirra sveiflna, sem gengi hennar hefur tekið, og fyrir vikið rekstrarumhverfi fyrirtækja og verðlag í landinu. Margir beina sjónum sínum að evrunni og skýst sú umræða endurtekið upp, hvort taka beri upp evru, og þá jafnvel hvort hægt sé að taka hana upp án þess að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. Innan atvinnulífsins eru skiptar skoðanir um kosti og galla aðildar. Án vafa er almennari áhugi á evrunni en ESB, þótt einnig hafi verið deilt um áhrif þess á efnahagslífið, ef Ísland gerðist aðili að evrópska myntbandalaginu. Aðild að ESB og upptaka evru eru mál, sem

full ástæða er til að ræða af yfirvegum, og hafa Samtök atvinnulífsins ítrekað beitt sér fyrir slíkri umræðu, en þessi mál leysa á hinn bóginn ekki aðsteðjandi vanda.

Það er óneitanlega athyglisvert, að umræða um evru og ESB skuli jafnan skjótast upp, þegar við stöndum frammi fyrir efnahagsvanda; vanda, sem við höfum sjálf komið okkur í með röngum ákvörðunum, bíræfni, athafnaleysi eða ónógu samráði. Ráðaleysi í stjórn efnahags- og kjaramála má ekki verða ástæða fyrir upptöku evru eða aðild að ESB. Þá væri illa komið. Verðbólgan verður ekki hamin og henni verður ekki náð niður nema með samræmdum aðgerðum á sviði hagstjórnar. Það er brennandi verkefni nú og það er vissulega forsenda þess að halda megi jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Að því verkefni þurfa ríki, sveitarfélög og aðilar vinnumarkaðarins að vinna sameiginlega.

Þensla á vinnumarkaði

Þensla á vinnumarkaði og miklar launahækkningar hafa jafnan verið helsta orsök verðbólgu hér á landi, þótt hækkun húsnæðisverðs hafi verið aðalorsakavaldur síðustu árin. Samhliða hækkun á verði húsnæðis hafa einstaklingar stóraukið lántökur og neyslu langt umfram efni. Þensla á vinnumarkaði hefur verið með mesta móti og sömuleiðis hefur launaskrið verið talsvert, þótt minna sé en áður við sambærilegar aðstæður. Atvinnuleysi hefur nánast ekkert verið og eftirspurn eftir erlendu starfsfólki hefur aukist verulega. Leið þess hingað til lands hefur hins vegar verið flókin og afgreiðsla dvalar- og atvinnuleyfa tekið marga mánuði. Íslensk stjórnvöld hafa nú ákveðið að afnema takmarkanir á landvistar- og atvinnuleyfi gagnvart íbúum hinna nýju ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, ekki síst vegna eindreginna tilmæla Samtaka atvinnulífsins, og ber sérstaklega að fagna því. Greiður aðgangur erlends starfsfólks að íslenskum vinnumarkaði er ekki einungis sjálfsagt og eðlilegt fyrirkomulag til hagsbóta fyrir fólk og fyrirtæki, heldur er það líka leið til þess að sporna gegn verðbólgu.

Verðbólgan er dýr

Ljóst er, að fjöldi Íslendinga, sem komnir eru til vits og ára, þekkir aðeins af afspurn þann þrúgandi verðbólguþraug, sem vofði yfir íslensku samfélagi áratugum saman, og hefur því ekki kynnst því mikla tjóni, sem hann veldur. Gallup-könnun, sem gerð var fyrir Samtök atvinnulífsins í nóvember í fyrra, sýndi að meirihluti landsmanna hefur litlar áhyggjur af mikilli verðbólgu. Áhyggjurnar voru áberandi minnstar hjá yngsta hópi svarenda. Það er út af fyrir sig gleðiefni, að heilar kynslóðir skuli hafa vaxið hér úr grasi án þess að kynnst að ráði því mikla tjóni, sem verðbólgan veldur. Á hinn bóginn er það áhyggjuefni, ef fjarlægðin við vandamál verðbólgunnar er orðin svo mikil, að fólk tekur hættuna henni samfara ekki alvarlega.

Verðbólga er gríðarlega kostnaðarsöm fyrir atvinnulífið jafnt sem heimilin í landinu. Hún dregur úr árangri fyrirtækjanna, þar sem fjárhagslegar ákvarðanir verða mjög ómarkvissar og atorka stjórnenda beinist að miklu leyti að því að fást við afleiðingar verðbólgu í stað þess að beina sjónum að arðsömum vexti framleiðslustarfseminnar. Sama gildir um heimilin og þar við bætist, að verðtryggðar skuldir lækka ekki með auknum afborgunum, heldur hækka í takt við verðbólguna. Ennfremur er við lýði 10% fjármagnstekjuskattur, sem skattleggur verðbætur á höfuðstól jafnt sem raunvexti, og sú skattlagning verður því þyngri sem verðbólgan er meiri. Verðbólguþraugurinn er

fyrirtækja, sem vörðu eigið fé fyrir skattlagningu á verðbólguhagnað, hafa verið aflögð. Þegar verðbólgan fer af stað, er 18% skattur verulega íþyngjandi, ekki síst vegna þess að allar aðrar verðbólguvarnir hafa líka verið teknar úr sambandi. Verðbólgan þjagar þannig áhrif og markmið skattlagningar og breytir forsendum fyrir fjárfestingarákvörðunum. Þessu til viðbótar kyndir aukin verðbólga undir kröfur um sérstakar launahækkanir til þess að bæta upp meint kaupmáttartap. Auknar launahækkanir fódra síðan verðbólguvæntingar og ýta undir verðbólguna sjálfa. Þetta er gamli vítahringurinn, sem hélt raunverulegum framförum á Íslandi í gíslingu á áttunda og níunda áratug síðustu aldar.

Kosningar til sveitarstjórna

Eitt helsta áhyggjuefnið framundan varðandi þróun verðlags er að finna á vinnumarkaði. Árum saman hafa laun hækkað meira hérlendis en í nágrannalöndunum. Kaupmáttur hefur aukist verulega, en nú er svo komið, að um 70% verðmætasköpunar fyrirtækja er varið í launagreiðslur. Í löndum ESB er þetta hlutfall um 56%. Fjölmörg ný hátekjustörf hafa skapast hér á landi, en það sem meira máli skiptir, þá hefur kaupmáttur aukist hlutfallslega mest hjá þeim lægst launuðu, eða um 60% á tíu árum. Þrátt fyrir þetta er nú enn komin upp sú staða, að opinberir aðilar hafa tekið forystu um hækkun launa á íslenskum vinnumarkaði, þrátt fyrir yfirlýstan og ítrekaðan vilja um annað.

Að þessu sinni eru það sveitarfélögin, sem lagt hafa af stað með meinta hækkun lægstu launa. Því er haldið fram, að Reykjavíkurborg hafi riðið á vaðið og að önnur sveitarfélög hafi svo fylgt í kjölfarið. Því miður vil ég segja er það ekki svo, að kostnaðarauki sveitarfélaga af þessu viðfangsefni renni allur til lægst launuðu starfsmanna sveitarfélaganna. Hinar miklu hækkanir í samningum Reykjavíkurborgar fóru upp nánast allan launastigann, og ef að líkum lætur er það tímaspursmál, hvenær sama gengur yfir önnur sveitarfélög. Kjarasamningar sveitarfélaganna á yfirstandandi samningstímabili hækka launareikning sveitarfélaganna sem nemur 34%, séu þeir umreiknaðir til fjögurra ára samningstíma eins og í gildi er á almenna vinnumarkaðnum. Til samanburðar var sú launastefna, sem mótuð var á almenna vinnumarkaðnum, 16-20% á fjórum árum. Á árunum 2004 til 2007 mun launareikningur sveitarfélaganna hækka úr 50 milljörðum í 65 milljarða króna. Mér vitanlega hefur því ekki enn verið svarað, hvernig sveitarfélögin eiga að geta fjármagnað þennan reikning, en flest eru þau skuldum vafin eftir langvarandi hallarekstur. Það ætti öllum að vera ljóst, sem kynnt hafa sér þróun kjaramála undanfarna áratugi, að því aðeins er unnt að ná fram varanlegum leiðréttingum á kjörum einstakra launahópa, að um það náist víðtæk samstaða.

Fyrirtæki á markaði reyna að gera kjarasamninga, sem þau telja sig geta staðið við, og hjá þeim gildir sú einfalda regla, að tekjur verða að vera hærri en gjöld. Ef opinberir aðilar fara á undan með miklum umframhækkunum – sem atvinnulífið og launafólk þarf að kosta með auknum skattgreiðslum – þá geta fyrirtækin í landinu staðið frammi fyrir því að verða að keppa við hið opinbera um hæft starfsfólk, þótt reksturinn standi ekki undir nauðsynlegum launahækkunum. Þá reyna þau fyrirtæki, sem það geta, að velta kostnaðaraukanum út í verðlagið og hinar nýfengnu og rausnarlegu launahækkanir verða að engu. Skuldir heimilanna hækka og rekstur fyrirtækja gengur úr skorðum og flestir verða verr settir eftir en áður.

Eftir nær tveggja áratuga kærkomið hlé frá þeirri firru, sem fylgdi víxlhækkun kaupgjalds og verðlags, og eftir enn kærkonnara tímabil raunverulegrar kaupmáttaraukningar á íslenskum vinnumarkaði, þá verðum við að koma í veg fyrir þá hringavitleysu, sem lék fyrirtæki og launamenn jafngrátt og raun ber vitni á árum áður. Verðbólgunni verður að ná niður til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum, en það verður ekki gert nema með samstiltu átaki og samræmdum aðgerðum á sviði hagstjórnar og kjaramála. Að því verki þurfa sem fyrr segir ríki, sveitarfélög og aðilar vinnumarkaðarins að vinna sameiginlega – það verk verður því miður ekki leyst af einstökum forsvarsmönnum sveitarfélaga. Samtök atvinnulífsins lýsa sig reiðubúin til þess að ganga til slíkra verka, og er vissulega tilefni til að vekja máls á því hér, hvort ekki sé rétt að stofna til samráðs þessara aðila þegar í stað.

Í aðdraganda kosninga til sveitarstjórna er við hæfi að vekja athygli á ábyrgð sveitarstjórnarmanna í hagstjórninni og baráttu gegn vaxandi verðbólgu. Efling sveitarstjórnarstigsins og aukin hlutdeild sveitarfélaga í opinberum rekstri kallar á samræmdar aðgerðir sveitarsjórna á þessu sviði. Ríkisvaldið þarf einnig að koma sterkar inn, því Seðlabankinn hefur ekki tæki til þess að standa einn á vaktinni. Mikill afgangur á fjárlögum undanfarin ár skýrist ekki síst af auknum tekjum ríkisins vegna neysluskatta annars vegar og mikillar aukningar kaupmáttar launa hins vegar. Metnaðarfull áform ríkisvaldsins um framkvæmdir verður að endurskoða í ljósi aðstæðna nú. Það er ekki auðvelt, þegar styttest í þingkosningar, en óstöðugt efnahagslíf er heldur ekki eftirsóknarverð staða fyrir sitjandi stjórnarflokka í kosningabaráttu. Stjórnvöld, bæði á vettvangi ríkis og sveitarfélaga, verða að endurskoða sín framkvæmdaáform og forgangsraða þeim með það að markmiði að auka trúverðugleika efnahagsstefunnar.

Sveigjanleiki á vinnumarkaði

Þótt verðbólgan verði bersýnilega helsta viðfangsefnið á vettvangi efnahagsmála næstu mánuði, þá megum við ekki gleyma öðrum forsendum áframhaldandi árangurs. Það verður að vera viðvarandi verkefni að vinna að umbótum á starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja til þess að styrkja áfram samkeppnisstöðu þeirra. Samkeppnin fer stöðugt vaxandi og landamæri gegna sífellt minna hlutverki. Sveigjanleiki á íslenskum vinnumarkaði er mikilvægt samkeppnisforskot, sem við búum að gagnvart mörgum af okkar viðskiptaþjóðum. Við sjáum hvernig sumar þjóðir á meginlandi Evrópu kjósa að grafa höfuðið í sandinn og neita að horfast í augu við nauðsynlegar umbætur, en búa þess í stað við mikið og viðvarandi atvinnuleysi, ekki síst meðal ungs fólks. Í þeirri stöðu megum við ekki lenda.

Starfsumhverfi fyrirtækja

Til að tryggja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs verðum við ennfremur að halda áfram að byggja hér upp einfalt og skilvirkt skattaumhverfi í fremstu röð og enn þarf að styrkja hér menntakerfið, rannsóknir og þróun. Árangur í rekstri er það sem skera mun úr um líf skjörin, en slíkur árangur byggir ekki síst á vel menntuðu starfsfólki og metnaðarfullum stjórnendum. Fyrir réttu ári síðan gáfu Samtök atvinnulífsins út ritið *Áherslur atvinnulífsins*, þar sem fjallað er um leiðir í ellefu málaflokkum til aukins hagræðis og bættra líf skjara og voru sérstakar tillögur settar fram í þeim efnunum. Einhver

árangur hefur orðið síðan, en því miður lifa tillögur þessa rits flestar hverjar eingöngu góðu lífi sem slíkar.

Kostir einkarekstrar

Svo sem kunnugt er, þá hefur einkavæðing verið mikilvægur þáttur í stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi umbætur í efnahags- og atvinnumálum og hefur þar mjög markverðum árangri verið náð. Tilgangur einkavæðingar er að sjálfsögðu sá, að ríkið dragi sig út úr rekstri, þar sem þess er ekki lengur þörf, að stuðlað verði að virkri samkeppni á sem flestum sviðum og að einkaaðilum verði látið eftir að annast rekstur, þegar þeir eru taldir betur fallnir til þess að ná góðum árangri. Þannig eru nú takmörkuð rök fyrir því, að ríkisbanki keppi við banka og sparisjóði á íbúðalánamarkaði, enda hillir undir umbætur á því sviði. Einnig eru vandfundin rök fyrir því, að ríkið haldi úti verslunarrekstri með neysluvörur, sem einkaaðilar hafa alla burði til þess að sinna jafnvel, ef ekki betur. Ennfremur hefur verið bent á fjölmörg dæmi þess, að ýmis þjónusta, sem boðin er á almennum markaði, sé byggð upp og rekin innanhúss hjá opinberum aðilum í samkeppni við einkaaðila, þar sem ella legðist á hana virðisaukaskattur. Loks vil ég hér nefna framkvæmd opinberrar þjónustu, þar sem víða er svigrúm til að þess að nýta betur kosti einkarekstrar, og vil ég þar sérstaklega nefna heilbrigðismálin í því sambandi. Samtök atvinnulífsins vinna nú að úttekt á kostum einkarekstrar í heilbrigðiskerfinu og verður innan fárra vikna efnt til opins fundar um það efni, þar sem settar verða fram tillögur til úrbóta á því sviði. Hér er um að ræða gríðarlega mikilvægt viðfangsefni, þar sem sóknarfærin eru mörg til aukins valfrelsis, bættrar þjónustu, nýsköpunar og hagræðis.

Til heilbrigðis- og almannatryggingakerfisins hafa undanfarin ár runnið um 40% af fjárlögum ríkisins. Þá koma lífeyrissjóðirnir jafnframt að greiðslu örorkubóta, en veruleg fjölgun hefur orðið á fjölda öryrkja undanfarin ár. Svo virðist sem kerfi örorkubóta sé verulega gallað, flókið og tyrfið og hefur illa gengið að koma þar skikki á. Það er umhugsunarefni, hvort ekki sé tímabært, að Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands taki frumkvæði á þessu sviði og setji fram uppbyggilegar tillögur um rótttæka uppstokkun og einföldun þessa kerfis. Við viljum tvímælalaust hafa hér öflugt öryggisnet fyrir þá, sem á þurfa að halda, en við viljum jafnframt, að ávallt sé til staðar hvati og stuðningur fyrir fólk til þess að snúa aftur út á vinnumarkaðinn, t.d. í kjölfar langvinnra veikinda. Hér er um brýnt úrlausnarefni að ræða, sem kostar mikla undirbúningsvinnu og er jafnframt flókið úrlausnar, því breytingar á veikindarétti og bótakerfi í veikindum og örorku kalla á breytingar á kjarasamningum, löggjöf og samþykktum lífeyrissjóða.

Unga fólkið bjartsýnt

Góðir fundarmenn!

Nýleg könnun, sem gerð var fyrir Samtök atvinnulífsins, sýnir að unga fólkið er fullt bjartsýni á framtíð Íslands á tímum alþjóðlegrar samkeppni og sér fyrst og fremst tækifæri í hnattvæðingunni, sem svo hefur verið nefnd. Það er vissulega vel. Starfsmenn Samtaka atvinnulífsins hafa í vetur átt fundi með útskriftarnemum framhaldsskóla víða um land, þar sem fjallað hefur verið um alþjóðlega samkeppni og stöðu Íslands. Bjartsýni var áberandi í viðhorfum unga fólksins, og trú á markaðslausnir. Við eigum að

virka þetta afl, þessa bjartsýni unga fólksins, og láta hana verða okkur hvatningu til þess að gera enn betur.

Samtök atvinnulífsins vilja halda áfram á þeirri braut árangurs, sem ég lýsti í upphafi máls – og við viljum ná enn meiri árangri. Það er mögnuð áskorun. Áskorun á fyrirtæki og þeirra rekstur, en ekki síður áskorun á stjórnvöld. Á frammistöðu þeirra er lagt mat á fjármálamörkuðum, nánast í beinni útsendingu dag hvern, og árangur efnahagsstefnunnar birtist í lánskjörum fyrirtækja á alþjóðamörkuðum. Stjórnendur fyrirtækja á Íslandi þurfa að leysa það verkefni að reka fyrirtæki, sem standast samkeppni við það fremsta í heiminum. Íslensk stjórnvöld þurfa að hafa sambærilegan metnað. Það er mögnuð áskorun og forsenda frekari árangurs.